



Fundur háskólaráðs 25. febrúar 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 23.02.2004
Dags: 25.02.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

04/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, miðvikudaginn 25. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Þórður Harðarson, Hjalti Hugason, Þorsteinn Loftsson, Inga Jóna Þórðardóttir, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Matthías Páll Imsland.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram drög að viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms, meistara- og doktorsnáms við Háskóla Íslands, frá starfshópi um gæði framhaldsnáms, dags. 23. janúar 2004. Með drögunum fylgir bréf Magnúsar D. Baldurssonar, aðstoðarmanns rektors, dags. 18. febrúar 2004.
- 1.2 Drög að reglum um starfskyldur og minnisblað um stöðu mála.
- 1.3 Lögð fram dagskrá fræðsludags fyrir stjórnendur Háskóla Íslands, 12. mars nk.
- 1.4 Lögð fram bréf rektors, dags. 18. febrúar 2004, til Eiríks Tómassonar og Róberts H. Haraldssonar þar sem fram kemur að þeir eru skipaðir í Siðanefnd Háskólans til að fjalla um kæru sem nefndinni hefur borist.
- 1.5 Lögð fram endurskoðuð áætlun um fundi og viðburði á vormisseri 2004.
- 1.6 Lagt fram bréf Elísabetar Þorsteinsdóttur, dags. 18. febrúar 2004, til yfirmanna Háskóla Íslands um SKREF starfsmat við Háskóla Íslands.
- 1.7 Lagður fram ársreikningur RHnets 2003.
- Málið var rætt. Óskað var eftir ítarlegri gögnum um rekstur RHnets fyrir næsta fund.
- 1.8 Blaðaskrif um málefni Háskólans í Morgunblaðinu.
 - a) Reykjavíkurbref í Morgunblaðinu 7. febrúar sl.
 - b) Grein Þórðar Kristinssonar í Morgunblaðinu 13. febrúar sl.
 - c) Grein Ingjalds Hannibalssonar í Morgunblaðinu 22. febrúar sl.
 - d) Viðtal við Dr. Rúnar Vilhjálmsson prófessor í Morgunblaðinu 22. febrúar sl.
 - e) Viðtal við Pál Skúlason rektor í Morgunblaðinu 23. febrúar sl.
 - f) Leiðari í Morgunblaðinu 24. febrúar sl.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagðir fram fyrirvarar við útgáfu kennsluskrár Háskóla Íslands 2004-2005.
- Samþykkt samhljóða.
- 2.2 Tillaga akademískrar stjórnýslu: Felld verði niður heimild til helmingslækkunar skrásetningargjalds þeirra sem fá leyfi til að taka eitt til tvö námskeið að loknu háskólaprófi.
- Samþykkt samhljóða.
- 2.3 Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir MBA námið 2004 – 2006.

- Samþykkt einróma að gjald fyrir MBA námið tímabilið 2004 – 2006 verði kr. 1.675.000. Ennfremur var fjárhagsáætlun MBA námsins fyrir sama tímabil samþykkt einróma.
 - 2.4 Lögð fram drög að tillögu að breytingum á reglum fyrir Raunvísindastofnun Háskólans nr. 1014/2001. Drögin eru til umfjöllunar í RH og raunvísindadeild.
 - Málið var rætt og verður áfram á dagskrá.
 - 2.5 Lögð fram tillaga að bráðabirgðaákvæði við lög um Háskóla Íslands nr. 41/1999, vegna fyrirhugaðs samruna Norrænu eldfjallastöðvarinnar við Háskóla Íslands. Tillagan er unnin í samráði við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.
 - Samþykkt einróma.
 - 2.6 Lögð fram endurskoðuð tillaga að breytingu á ákvæðum um dómnefndir í lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999 í ljósi viðbragða menntamálaráðuneytisins þar um sbr. bréf ráðuneytisins, dags. 17. desember 2003.
 - Samþykkt einróma.
 - 2.7 Skipun nýs fulltrúa háskólaráðs og varafulltrúa í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, sbr. bréf Bjargar Thorarensen, dags. 16. febrúar 2004.
 - Samþykkt einróma.
 - 2.8 Lagt fram erindi frá lagadeild m.a um heimild til að innheimta gjöld af nemendum.
 - Mál þetta var rætt í tengslum við lið 2.10, þ.e. hugmyndir fjármálanefndar um hækkun skrásetningargjalds og verður áfram á dagskrá.
 - 2.9 Lagt fram erindi frá Stúdentaráði Háskóla Íslands vegna stúdentadagsins í september 2004.
 - Háskólaráð mæltist til þess að kennsluleyfi sé veitt eftir hádegi föstudaginn 10. september nk.
 - 2.10 Hugmyndir fjármálanefndar um hækkun skrásetningargjalds.

Lagt fram minnisblað frá Ingjaldi Hannibalssyni, formanni fjármálanefndar um nemendagjöld, dags. 24. janúar.

Ingjaldur Hannibalsson kynnti málið. Málið var rætt ítarlega og verður áfram á dagskrá.
 - 2.11 Skipan eins fulltrúa í vísindanefnd, sbr. síðasta fund.
 - Samþykkt einróma að skipa Snorra Þór Sigurðsson prófessor í vísindanefnd til þriggja ára.
 - 2.12 Deiliskipulag háskólalóðar vestan Suðurgötu.

Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, kynnti tillögu að deili-skipulagi háskólalóðar vestan Suðurgötu.

 - Málið var rætt. Tillaga bygginganefndar háskólatorgs var samþykkt einróma.
- 3. Mál á auglýstri dagskrá**
- 3.1 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun háskólaárið 2004 – 2005. Sjá meðfylgjandi yfirlit.
 - Málið var rætt. Fjöldatakmörkanir fyrir læknadeild, hjúkrunarfræðideild og tannlæknadeild voru samþykktar einróma. Afgreiðslu fjöldatakmörkana í félagsvísindadeild var frestað, þar sem fjárhagsáætlun deildarinnar liggur ekki fyrir.
 - 3.2 Drög að úrskurði háskólaráðs vegna ákvörðunar lagadeildar um próftökurétt í kjörgreinum, sbr. síðasta fund.
 - Frestað.
 - 3.3 Umsögn formannanefndar um tillögur að breyttum og/eða nýjum reglum um meistaranám og doktorsnám í þremur deildum, sbr. fund ráðsins 5. febrúar sl. Sjá meðfylgjandi yfirlit.
 - a) Hjúkrunarfræðideild;
 - reglur um diplomanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild (endurskoðaðar),

- reglur um meistaranám við hjúkrunarfræðideild (endurskoðaðar),
- reglur um doktorsnám við hjúkrunarfræðideild (nýjar).
- b) Verkfræðideild;
 - reglur um meistaranám (nýjar).
- c) Félagsvísindadeild;
 - reglur um meistaranám (endurskoðaðar),
 - reglur um doktorsnám (endurskoðaðar).

Reglur þessara þriggja deilda voru samþykktar einróma. Ennfremur var einróma samþykkt að heimila leiðréttingar á 10. gr. reglna heimspekideildar um meistaranám til samræmis við 104. gr. reglna deildarinnar og á skráningarfresti í reglum um meistaranám í Upplýsingatækni á heilbrigðissviði.

3.4 Starfs- og fjárhagsáætlun Háskóla Íslands.

Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, lagði fram og kynnti drög að fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2004. Fram kom í máli Ingjalds að enn vantar fjárhagsáætlanir frá þremur deildum; félagsvísindadeild, verkfræðideild og raunvísindadeild. Málið var rætt og Ingjaldur svaraði fyrirspurnum.

Háskólaráð átelur harðlega þann drátt sem orðið hefur á skilum fjárhagsáætlana deilda og ætlast til að skil verði gerð fyrir 5. mars nk.

Þá var lögð fram tillaga, frá akademískri stjórnslu, í tengslum við starfs- og fjárhagsáætlun 2004.

Tillagan felur í sér að;

- a) engar undanþágur frá inntökuskilyrðum háskólaárið 2004 – 2005 verði veittar og að,
 - b) engir nýnemar verði teknir inn í janúar 2005.
- Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 15.30